

Borgarstjórn Reykjavíkur
16. desember 2025

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að falla frá deiliskipulagstillögu fyrir Suðurlandsbraut

Borgarstjórn samþykkir að falla frá fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu fyrir Suðurlandsbraut, vegna fyrstu lotu Borgarlínu, en tillagan gerir ráð fyrir því að tvær akreinar verði teknar af almennri umferð undir sérakreinar Borgarlínu og að bílastæðum verði fækkað umtalsvert. Deiliskipulagsvinnan verði endurhugsuð frá grunni með það fyrir augum að koma nýjum sérakreinum almenningssamgangna fyrir norðanmegin Suðurlandsbrautar án þess að bílastæðum og akbrautum fyrir almenna umferð verði fækkað. Tryggt verði gott aðgengi allra fararmáta að fyrirtækjum, verslun og þjónustu við Suðurlandsbraut. Áhersla verði jafnframt lögð á góðar og öruggar göngu- og hjólatengingar á svæðinu.